

Nd.

340. Breytingartillaga

[162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 2. gr. C-liður orðist svo:

Til þess að fullgera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Verði áætlunin við það miðuð, að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977 og að fyrir lok þessa áratugs eigi landsmenn kost á nægri raforku til húshitunar og annarra þarfa. Í áætluninni verði ákveðnar virkjanir, samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum til að ná þessu marki, enn fremur árleg fjármögnun með innlendum sparnaði og erlendum lántökum.